




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Seljakot

2020 – 2021



# Seljakot

*frumkvæði • sköpun • tjáning*

## **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

□	Leiðarljós leikskólans frumkvæði - sköpun - tjáning.....	4
1	Greinargerð leikskólustjóra .....	5
2	Innra mat Móí .....	9
3	Innra mat Mýri.....	12
4	Innra mat Kot.....	19
5	Innra mat Ból .....	21
6	Ytra mat .....	23
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
9	Foreldrasamvinna.....	28
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	29
11	Fylgigögn.....	31
	Skóladagatal .....	31
	Menntastefnan.....	31
11.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	31



## ➤ **Leiðarljós leikskólans frumkvæði - sköpun - tjáning**

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í samstarfi við foreldra eflir leikskólinn alhliða þroska barna, stuðlar að öryggi þeirra og vellíðan. Seljakot starfar í anda Reggio Emilia hugmyndafræðinnar þar sem áherslupættir eru *frumkvæði - sköpun - tjáning*.

Mikilvægt er að veita börnum hvetjandi uppeldisumhverfi þar sem allir fá viðfangsefni við hæfi. Í Seljakoti er lögð áhersla á að börnin fái notið bernsku sinnar í leik og starfi og að þeim sé sýnd virðing og umhyggja.

Allir eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans þar sem áhugi, hæfni og styrkleiki einstaklingsins fær notið sín. Litið er á menntun, uppeldi og umönnun sem eina heild. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.



## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn á ný er komið að upprifjun og hugleiðingum um starfið á síðasta starfsári. Verkefni eru fjölbreytt, krefjandi, skemmtileg, ögrandi og ófyrirséð. Verkefni eru líka afar hefðbundin í starfi stjórnandans. Hér verður stiklað á stóru.

Eitt er víst að skólaárið 2019-2020

verður lengi í

minnum haft, ár breytinga, ofsavæðurs, verkfalls og veirufaraldurs.

Byrjunin á starfsárinu lofaði góðu.

Skólinn var fullmannaður og starfsárið

lagðist vel í undirritaða, en fljótt

skipast veður í lofti. Kennarar sem

ætluðu í fæðingarorlof í lok árs fóru í

veikindafrí að hausti og tveir

deildarstjórar að auki í

langtímaveikindi. Þá hófst leitin að

rétu kennurunum í okkar hóp. Eftir þó

nokkrar auglýsingar og mikla leit eftir góðu fólki tókst að ráða frábæra kennara í

hópinn. Vinnuálagið var orðið of mikið, þreytan var farin að segja verulega til sín

og það var orðið erfitt að teygja og toga til vinnutíma kennara. Því var ákveðið að

stytta opnunartíman og loka klukkan 16:30 í stað klukkan 17:00. Þessi hálf tíma

stytting á opnunartímanum var gæfuspor fyrir starfið og kennarana. Flestir

foreldrar tóku þessum breytingum afar vel og sýndu mikinn skilning en mjög fáir

foreldrar nýttu sér tímann á milli klukkan 16:30 og 17:00.

Það voru óvenju margir sem stunduðu nám við Háskóla Íslands á starfsárinu,

annað hvort í grunnnámi í leikskólakennarafræðum eða í framhaldsnámi í sömu



fræðum. Þetta er mikið fagnaðarefni en oft var mikið þúsluspil að leysa fjarveru námsmannanna sem voru undantekningarlaust allir á sama tíma í staðlotum, verkefnaskilum og prófum. Með þrautseigju, velvild og jákvæðni kennara í Seljakoti gekk það oftast upp. Á næsta starfsári verður breyting á tímasókn og vettvangsnámi nemanna. Markmiðið er að nýtt fyrirkomulag minnki álag hjá nemunum sjálfum og í starfi leikskólans. Í sumar útskrifaðist Ragnheiður aðstoðarleikskólustjóri með diplóma í stjórnun menntastofnanna og í haust útskrifast Guðbjörg deildarstjóri í Mýri með meistaragráðu í leikskólakennarafræðum. Á næsta starfsári verða tveir nemar í grunnnámi í leikskólakennarafræðum og tveir í meistaránámi. Hefðin er orðin þannig að þegar einn kennari lýkur námi þá byrjar annar. Það er hvetjandi og skemmtilegt að tilheyra samfélagi þar sem vilji er til að bæta við sig menntun og þróast í starfi. Undirrituð er stolt og ánægð með sitt fólk og það er ekki nógu oft kveðið. Í Seljakoti vinna metnaðarfullir kennarar sem leggja sig fram við að gera alltaf gott úr hlutunum, vinna vel og hugsa í lausnum. Þrátt fyrir erfiðleika við að ráða í stöður síðastliðið haust þá er ekki mikil starfsmannavelta í Seljakoti og er það óneitanlega mjög mikilvægt í skólasamfélaginu.



Eins og síðastliðin ár kom viðhorfskönnun á meðal starfsmanna afar vel út. Það er ánægjulegt að segja frá því að Seljakot virðist vera metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem starfsánægja, fagmennska og virðing er höfð að

leiðarljósi. Það sem kom síður vel út og er í samræmi við aðra leikskóla Reykjavíkurborgar er að vinnuálag mætti vera minna og starfsaðstæður betri. Að undanfögnu hefur verið lögð áhersla á að bæta starfsumhverfi kennara í Seljakoti og í haust er fyrirhugað að byrja á viðbyggingu við leikskólann. Þegar hún er tilbúin mun aðstaða stafsmanna lagast svo um munar. Í viðbyggingunni verða skrifstofur leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra, fundaherbergi, viðtalsherbergi og fleira. Einnig er fyrirhugað að breyta miklu innandyra, t.d. brjóta niður vegg, stækka eldhúsið og færa kaffistofu kennara á annan stað. Leikskólinn verður sem nýr, hann verður opnari, bjartari og vítt verður til allra veggja. Í kjölfarið á að opna nýja deild þar sem nú er kaffistofa kennara og skrifstofa stjórnenda, þ.e. þar sem deildin Sel var áður. Þetta þykir okkur spennandi þó við vitum að þessu fylgir mikið álag og rask á meðan á framkvæmdum stendur.

Í upphafi árs skall á verkfall hjá þeim sem eru í stéttarfélaginu Eflingu. Verkfallið stóð lengi og skólastarfið raskaðist mikið. Börnin gátu ekki mætt alla daga í leikskólann sem var afar íþyngjandi fyrir bæði fjölskyldur og starfið í leikskólanum. Þegar samningar náðust tókum við glöð og kát á móti fólkinu okkar og horfðum fram á bjartari tíma en gleðin varði ekki lengi.

Heimsfaraldur skall á, hættustigi almannavarna var lýst yfir vegna Covid-19 og allir hvattir til að snúa bökum saman. Það reyndi mikið á skipulagshæfni stjórnenda og kennara. Öllu var snúið á hvolf á örskömmum tíma. Viðvera barnanna var takmörkuð,



leikskólanum var skipt upp í sóttvarnarhólf og starfið með börnunum endurskipulagt. Daginn út og daginn inn voru kennarar með sóttþreinsi brúsann á lofti. Þegar þetta er skrifað höfum við algjörlega aðlagast nýjum siðum og reglum enda viðbúið að starfsárið verði ekki hefðbundið vegna Covid-19. Við búum að reynslu síðasta árs og ætlum að halda uppi faglegu, metnaðarfullu og skemmtilegu starfi nú sem enda nær, það er áskorun á breyttum tímum.



Á starfsárinu var byrjað að endurskoða og rýna í Skólanámskrá Seljakots. Ný og endurbætt skólanámskrá kom út árið 2015 og er námskráin í stöðugri endurskoðun. Ótal margt hefur breyst á stuttum tíma, starfið þróast og breyst og börnunum fjölgað. Endurskoðunin felst aðallega í að taka út það sem á ekki enn við og setja inn það sem er nýtt. Auk þess fjölgaði börnunum þegar opnaðar voru tvær deildir á síðasta ári. Endurskoðun námskrárinnar lýkur á þessu starfsári.

Á starfsárinu kom út kynningarmyndband um Seljakot. Myndbandið gerir okkur stolt og ánægð með leikskólasamfélagið okkar. Myndbandið er inn á heimasíðu leikskólans og sýnir vel hversu skemmtilegt er að vera barn og kennari í Seljakoti og hversu metnaðarfullt starfið er.

Í ljósi aðstæðna á síðasta starfsári, þ.e. löngu verkfalli og Covid-19, var samþykkt af framkvæmdastjórn SFS að skil á starfsáætlun fyrir starfsárið 2020 - 2021 yrði með óhefðbunum hætti. Skila má því aftur starfsáætlun síðasta



árs og vinna að sömu viðmiðum og þar komu fram. Seljakot hefur skilað uppfærðri aðgerðaráætlun vegna Menntastefnunnar til SFS. Áfram er lögð áhersla á félagsfærnina og má sjá markmið og aðgerðaráætlun í fylgiskjali.



## 2 Innra mat Mói

---

Í heildina, hefur starfið í Móa verið markvisst og gengið vel þrátt fyrir verkfall og óvenjulegt ástand vegna COVID-19.

Vináttuverkefni: Tilfinningaverkefni sem við erum að vinna á deildinni hefur skilað árangri. Börnin virðast meira meðvituð um eigin tilfinningar og virðast hafa færni til að greina (þekkja) eigin tilfinningar sem og annarra. Við fengum einnig jákvæða endurgjöf um efnið í foreldraviðtölum. Þar sem við erum að vinna með börn á aldrinum 1-3 ára ákváðum við að halda áfram að þróa færni og leiðir til að efla félagslegan þroska barnanna og festa þetta enn betur í starfið.

Málörvun (með áherslu í fataherbergi): Verkefnið hefur gengið ágætlega og sérstaklega þá daga sem fá börn hafa verið því þá gátum við gefið nægan tíma til

að spjalla/vinna markvissara í fataherbergi. Yfirleitt einkennist tíminn þegar börnin eru í fataherbergi að klæða sig úr og í og að því að allir eru að flýta sér er ákveðinn órói og það þarf að gera suma hluti á sama tíma á sama stað. Hér sjáum við tækifæri til að bæta okkur - við þurfum að finna takt til að koma á betri reglu og skapa ró til að geta eflt mál barnanna enn frekar.



Vettvangsferðir hafa gengið mjög vel og í raun einkenna þær starfið í Móa. Við getum sagt að gönguferðir sem farnar eru til þess að njóta og upplifa eru fastur hluti af starfinu. Við tengjum ferðirnar til að efla málö, félags- og hreyfiproska barna og er það m.a. gert markvisst með verkefnum sem eru bæði unnin úti og inni. Við fengum mjög jákvæða endurgjöf frá foreldrum um hversu fær við erum að nota nánasta umhverfið í ferðunum okkar.

Við ákveðum að vinna að aukinni þátttöku og áhrifum barnanna á starfið, að hlusta á þeirra langanir og áhuga og að farið sé eftir því. Við ætlum að byrja með þessi markmið í samverustundum þar sem börnin koma saman í hóp.



Umbóta þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Félags færni</b>	Að kynna börnin fyrir tilfinningum.  Að efla vináttu barnanna	hópastarf/-stundir til að vinna verkefni sem eflir tilfinningaþroska.  Myndræn gögn til staðar  Dagleg samskipti	júní 2020- maí 2021	Ábyrgðaraðili: Tinna  Allir í Móa framkvæma	Skráningar Safna gögnum: myndir, skrániður orð og setningar ásamt atferli barnanna í starfi.  Deildafundur  Endurmat: des '20 og maí '21	Að börnin þekki tilfinningarnar: glaður, leiður, reiður og hissa og öðlist færni til að sýna samkennd.  Að börnin taki eftir hverja vantar í hópinn.
<b>Málörvun í fataklefa</b>	Að börnin bæti við (grunn) orðarforða sinn  Að efla samskiptahæfni	Myndræn gögn til staðar  Opnar spurningar  Virk hlustun og samskipti  Nægilegur tími og ró	Júní 2020- maí 2021	Ábyrgðaraðili: Katrín  Allir í Móa framkvæma	TRAS  Deildarfundur  Skráningar með orðum og myndum  Endurmat: des '20 og maí '21	Að 2ja ára börn geti notað algeng nafnorð um fatnað.  Að börn geti spurt um aðstoð með orðum.
<b>Lýðræði - Barnasáttmála</b>	Að auka áhrif barnanna í starfsemi í samverustundum	Samverustundir með færri börn í hóp.  Myndræn gögn  Opnar spurningar  Virk hlustun/samskipti kennara og barna.	Júní 2020- maí 2021	Ábyrgðaraðili: Ana  Allir á Móa framkvæma	Deildarfundur  Safna gögnum/skráningar  Endurmat: des '20 og maí '21	Að börnin læri að tjá sig og segja frá eigin áhuga og óskum.  Að samverustundir spegla mestan áhuga barnanna.





### 3 Innra mat Mýri

---

#### Vettvangsferðir

Reglulegar vettvangsferðir hófust eftir áramót. Hóparnir tveir, yngri og eldri, fóru oftast hvor um sig í eina til tvær vettvangsferðir á viku. Áhersla var lögð á að kynna börnin fyrir nærumhverfi leikskólans; *dalnum* þar sem rætt var um trjágróður og lækinn, *tjörninni* þar sem var rætt um fuglalíf og *lóð Ölduselsskóla* þar sem eru fjölbreytt leiktæki. Með auknu úthaldi og þekkingu á umhverfinu urðu ferðirnar lengri og börnin fengu meiri áhrif í ákvörðunartöku. Í nokkrum ferðum var námsefnið *Færni til framtíðar* nýtt til rannsóknar á umhverfinu og frekari örvunar á hreyfiproska. Reglulega voru gerðar myndaskráningar og þær hengdar upp á vegg.

Frá fyrsta degi sýndu börnin náttúrunni mikinn áhuga og var áhugi þeirra nýttur til náttúru- og umhverfisvitundar. Í dalnum var vaðið í læknum, skoðað hvernig klakinn bráðnaði í vatninu og hvernig grasið flaut áfram með straumnum. Börnin tóku lausar greinar og fjölbreytta steina með í Mýri til frekari rannsóknar. Í skapandi starfi urðu greinarnar að fiðrildatrjáum og steinarnir að krummum. Börnin voru sérstaklega áhugasöm um krumma og sköpuðust líflegar umræður um eiginleika fuglsins. Þannig tengdust ferðirnar meðal annars málörvun. Bókalestri deildarinnar var líka fléttað saman við ferðirnar en í dalnum var leitað að úlfinum úr sögunni um Pétur og úlfinn, athugað var hvort Lilli Klifurmús væri uppi í tré og hvort tröllið byggi undir brúnni yfir lækinn.

Styrkleikar vettvangsferða einkenndust af tækifærum til örvunar á helstu þroskaþáttum. Með ferðunum gafst kjörið tækifæri til örvunar á hreyfiproska og urðu miklar framfarir á grófhreyfingum, jafnvægi og úthaldi. Í náttúrunni jókst líka forvitni barnanna og gáfu vettvangsferðir í fámennum hópum fjölda tækifæra til útskýringa og samræðna um náttúrufrýrbrigði og umhverfið. Það efldi orðaforða og málskilning þeirra sem og þekking á náttúru jókst. Með virkri þátttöku í ákvörðunartöku og sameiginlegri athygli að fyrirbærum í umhverfinu varð færni barnanna til samvinnu meiri og félagsvitund ríkari.

Í upphafi skólaárs var ákveðið að nýta demantaaðferð með börnunum við endurmat á vettvangsferðum. Því miður varð ekki úr því og er það tækifæri til



umbóta. Að auki er ætlunin að hefja reglulegar vettvangsferðir strax í október og tengja þema skólaársins, *tré og eiginleikar þess*, við ferðirnar. Þar munum við meðal annars finna okkur heimatré í dalnum og skoða nánar hvernig árstíðirnar hafa áhrif á náttúruna.

### Málörvun

Markviss málörvun hófst strax í upphafi skólaárs. Við málörvun var notast við bókalestur, söng, þulur, spil og samræður í leik og starfi barnanna. Kennarar voru meðvitaðir um að vera virkir þátttakendur í leik barnanna þar sem þeir settu orð á athafnir og hluti, endurtóku setningar barnanna, spurðu opinna spurninga og héldu uppi samræðum í öllum aðstæðum. Í samverustundum var börnunum skipt í tvo hópa og fór hvor hópur tvisvar til þrisvar í samverustund á dag. Þar voru lesnar bækur, sungið, farið í minnisleiki og farið með vísur og þulur. Eftir áramót hófst vinna með Orðaspjallsaðferðina og var ætlunin að vinna með *forsetningar* (afstöðuhugtök): undir - yfir, framan - aftan, upp á - neðan, *andstæður*: heitt - kalt, mjúkt - hart, stórt - lítið, *liti og litahæiti*, kyn og *yfirheiti*: dýr, leikföng, fatnað og mat. Vorið fór þó ekki eins og við var búist og því náðist aðeins að vinna með kyn og andstæður í gegnum Orðaspjallsaðferðina. Annars vegar var blað með myndum af stelpum á deildinni hengt upp á vegg og hins vegar blað með myndum af strákuðum. Rætt var um kyn fjölskyldumeðlima barnanna og sögupersóna í barnabókum. Sama var gert um andstæðuhugtök þar sem myndir af andstæðum voru gerðar sýnilegar börnunum og síðan rætt um það samhliða lestri í samverustundum.





Skimað var fyrir orðaforða, setningaskipan og frásagnarfærni barnanna þrisvar sinnum yfir skólaárið. Það var gert með því að sýna börnunum myndir af þeim í leik og starfi og þeim leyft að leiða frásögn um það sem var að gerast á myndunum. Myndirnar og frásagnir barnanna voru límdar á spjald og gerðar sýnilegar á deildinni. Kennarar voru meðvitaðir um að lesa daglega í félagsleg samskipti barnanna og færni þeirra til tjáningar við leik í ólíkum aðstæðum. Um vorið voru öll börn sem höfðu aldur til (2, 2 ára) skimuð með TRAS málþroskaskimun.

Styrkleikar þess að halda uppi virku málumhverfi barna í gegnum samræður og bókalestur var fyrst og fremst aukinn orðaforði barnanna sem síðan leiddi til flóknari setningargerðar og dýpri merkingar. Samhliða auknum orðaforða jókst skilningur barnanna og færni til tjáningar á þörfum og líðan varð almennt góð í barnahópnum ásamt færni í félagslegum samskiptum við jafnaldra. Styrkleikar þess að gera reglulegar skimanir á völdum þáttum málþroskans gerði kennurunum kleift að rýna í stöðu hvers barns og vinna nánar út frá því með einstaklingsmiðuðum markmiðum.

Orðaspjallsaðferðir hefur fest sig í sessi á deildinni og hafa kennarar útbúið myndrænan gagnabanka yfir orð og hugtök sem verða notuð í vetur. Það er því tækifæri til umbóta að byrja strax á haustönn á Orðaspjallsaðferðinni. Að

auki hafa kennara kynnt sér betur námsefnið Sögugrunn og tekið í notkun fjölbreyttari spil til málörvunar.

### Vináttuverkefnið Blær

Vináttuverkefnið Blær var tengt við daglegt starf deildarinnar strax á haustönn og var mikil áhersla lögð á samskipti og myndræn gögn. Öll börnin á deildinni fengu afhentan Blæ í september og höfðu fullt aðgengi að honum fram á vor. Börnin gátu því alltaf sótt sér bangsann, tekið



hann með í hvíld eða bætt honum við leikinn. Valin lög af geisladisk Blæs voru spiluð nánast daglega og lærðu börnin texta og dansspor sem vakti mikla lukku í barnahópnum. Myndir voru teknar af börnunum í virkum samskiptum þar sem þau voru að sýna hjálpsemi, samvinnu, góðvild, umhyggju og væntumþykju og skráning gerð um þær. Skráningin hékk upp á vegg allt skólaárið. Samræðuspjöld Blæs voru hengd upp á vegg sem ýtti undir samræður um fjölbreyttar aðstæður sem koma upp í samskiptum barna. Börnin sýndu spjöldunum mikinn áhuga og tengdu sinn reynsluheim við atvikin á myndunum. Myndir af persónum í Blæ framkvæma tákni tilfinninga með *Tákni með tali* voru einnig hengdar upp og gerðar sýnilegar börnunum en sérstök áhersla var lögð á grunntilfinningarnar *gláður, leiður, reiður* og *hissa* í deildarstarfinu. Myndir af grunntilfinningunum voru sýnilegar á bæði veggjum og á gólfi en að auki voru myndir af sögupersónum úr barnabókum að



sýna þessar sömu tilfinningar límdar á gólfið. Börnin skoðuðu þessar myndir oft og lengi og tengdu myndirnar af persónunum við söguþráð bókanna.

Styrkleikar þess að nýta Vináttuverkefnið Blæ í starfinu var að tilfinningaþroski barnanna efldist til muna. Börnin lærðu að þekkja sínar eigin tilfinningar og að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra. Heilt yfir lærðu börnin að sýna samkennd, tóku eftir því ef einhverjum leið illa og glöddust með ef aðrir voru glaðir. Verkefnið ýtti undir aukin samskipti og hafði því einnig áhrif á bæði félags- og málþroska barnanna á deildinni.

Áætlað var að nýta Blæ í samverustundum, lesa sögurnar hans og syngja lögin. Það varð lítið úr og lítum við á það sem tækifæri til umbóta fyrir næsta skólaár. Samhliða því er ætlunin að gera starfið með Blæ enn markvissara með því að tengja hann betur við frjálsan leik, hópastarf og listasmiðju.

Umbóta þættir Mýri	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Félags- og tilfinninga vitund	Að efla félags- og tilfinninga þroska barna með áherslu á vináttu og samkennd	Samverustundir/ frjáls leikur. Umræður um vináttu með tengingu við Blæ. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar.  Dagleg samskipti með áherslu á virðingu, jafnræði og vinsemd. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum	Sept 2020- maí 2021	Edda Björg	Gögnum safnað með uppeldisfræðilegri skráningu: ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli. Umræður á deildar fundum í nóv '20 og mars '21	Að börnin þekki grunn tilfinningar: reiður, leiður, glaður og hissa. Börnin öðlist vitund um að aðrir hafa tilfinningar og að þau sjálf hafi áhrif á tilfinningar annarra. Börn sýni áhuga á hliðarleik, samleik og færi sig í átt að hlutverkaleik



Málörvun	Að börnin bæti við málfærni sína og eflist í sam skiptum	Orðaspjalls aðferðin samhliða markvissri málörvun með bókalestri, samræðum og málörvunarspilum  Virk samskipti kennara við börnin í gegnum leik og starf.	Sept 2019 - Maí 2020	Guð björg	Skráning í TRAS á 6 mánaða fresti Alhliða málproski metinn 3x á árinu með skráningu á orðaforða, setningaskipan og frásagnarfærni. Regluleg skráning á samskiptum barnanna og hvaða tjáningarform þau nota.  Samantekt á heildarniðustöðum TRAS og umræður á deildarfundum	Að tveggja ára börn hafi tök á tveggja orða setningum, hafi áhuga á samskiptum og sýni bókum áhuga.  Að börnin geti tjáð þarfir sínar og langanir með sínum hætti ásamt því að geta átt í félagslegum samskiptum við jafnaldra.
Vettvangs ferðir	Að börnin kynnist umhverfi og náttúru á eigin forsendum	Vikulegir göngutúrar í litlum hóp um í nærumhverfinu með áherslu á náttúru og mannvirki. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum.	okt 2020 - nóv 2020  mars 2021 - maí 2021	Virgin a	Demantaaðferð við lok hvorrar tímaáætlunar fyrir sig.  Gögnum safnað með uppeldisfræðilegri skráningu: ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli.	Að börnin hafi úthald í styttri ferðir og færni til að fylgja hóp þar sem ákvarðanir eru teknar í sameiningu.  Að börn sýni umhverfinu áhuga og virðingu.



## 4 Innra mat Kot

Orðaspjall - markmið okkar var að hafa eitt orð á viku og vinna með það og verður það markmið á næsta ári þar sem við náðum ekki markvissri vinnu með Orðaspjall. Við lásum bækur og völdum eitt orð sem við ræddum um við börnin og prentuðum út og límdu upp á vegg þar sem þau voru sýnileg og hægt að ræða um við börnin í daglegu starfi. Það gekk misvel að skrifa niður orðin og nota þau í daglegu tali og erum við sammála um að vilja efla okkur í að nota orðin meira í starfinu með börnunum. Næsta ár er markmið okkar að gera orðin enn sýnilegri bæði fyrir foreldra og börn, vinna markvissara með orðin og nota þau daglega í starfinu og rifja þau upp reglulega.

Vináttuverkefni Barnaheilla -

Vináttuverkefnið byrjaði mjög vel fyrir áramót, öll börn fóru einu sinni í viku í vinastund þar sem stuðst var við Vináttuverkefni Barnaheilla. Við fórum í vináttunudd, lásum sögur, skoðuðum vináttuspjöldin, hlustuðum á tónlist og fórum í leiki. Eftir áramót gafst ekki tækifæri til að fara í þessar stundir vegna covid-19. Við viljum halda áfram að vera með vinastundir á komandi starfsári og efla okkur í því að vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla.



Sjálfs hjálp - við lögðum mikla áherslu á að börnin yrðu sjálfbjarga í fataherbergi, klæða sig sjálf og hjálpast að. Í matstofu var lögð áhersla á sjálfs hjálp, að börnin skammti sér sjálf, velji sér sjálf sæti og gangi frá. Vegna covid-19 urðum við að

draga úr sjálfshjálpi í matstofu og skömmtuðu starfsmenn börnum matinn á diskinn.

Starfsáætlun 2019-2020 helst óbreytt þar sem við viljum vinna áfram að þessum viðmiðum sem við settum okkur fyrir síðasta starfsár vegna aðstæðna sem ríktu í samfélaginu þ.e. verkfall og covid-19 gátum við ekki unnið markvisst að síðustu áætlun.

Umbótapættir Kot deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Orðaspjall	Auka orðaforða og skilning barnanna.	Sögustundir fyrir hádegi. Lesum bækur og veljum eitt orð á hóp á viku.	Allt skólaárið. Endurmetið í janúar og maí.	Jónna	Orðin gerð sýnleg fyrir börn og foreldra.	Vinna meira með orðin. Taka eitt orð á hóp og vinna með það í viku.
Vinátta Blær	Styrkja samskipti í barnahópnum.	Börnunum skipt í tvo hópa einu sinni í viku með 1-2 kennurum í hvorum hóp.	September-maí	Guðbjörg	Blær ferðataskan. Mánakots og Sólarakots hópar skiptast á.	Bæta samskipti, vináttu og virðingu barnanna. Að þau geti sett sig í spor annarra.
Sjálfshjálpi	Minni hópar, meira rými og meira næði.	Hvetja börnin til að gera sjálf og vinna saman. Að þau hjálpi hvort öðru.	Allt skólaárið.	Erna	Fataklefi, matstofa, baðherbergi og í leik.	Að börnin verði sjálfbjarga í fataklefa, matstofu og baðherbergi.



## 5 Innra mat Ból

Síðasti vetur var erfiðari en verið hefur vegna fjarveru deildarstjóra sem fór í veikindaleyfi frá september fram í miðjan janúar. Það náðist þó ágætlega að vinna

að umbótaþáttum sem lagt var upp með nema vináttuverkefnið Blær. Við teljum að sjálfshjálpin sé komin og búin að festa sig í sessi á deildinni og höfum ákveðið að breyta síðdegishressingunni á deildinni og setja inn sem þriðja umbótaþátt. Í stað þess að

matast á tveimur borðum á deild og einu í sal ætlum við að hætta að fara í salinn og matast við tvö borð og er þá einn hópur í samveru á meðan og síðan er skipt. Orðaspjall gekk mjög vel þann stutta tíma sem við höfðum eftir áramót. Það sem reyndist erfitt var að koma vináttuverkefninu Blæ inn í starfið. Tveir umbótaþættir sem settir voru upp í síðustu starfsáætlun standa því enn hjá deildinni þar sem

markviss vinna með þá þætti sem settir voru fram eru enn í vinnslu.



Umbóta þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Síðdegis hressing	Að létta á álagi og minnka hávaða, betra flæði í starfinu.	Börnin eru færri á tveimur borðum með tvo kennara, á meðan er einn kennari með samveru, síðan er skipt um hóp og kennara	Ágúst til maí	Hólmfríður	Kennarar ræða reglulega á deildarfundum og skipulagsdögum um hvernig gangi og hvort þessi leið henti.	Að meiri ró og næði skapist við síðdegishressingu og gott lærdómsríkt umhverfi umvefji alla.
Félagsfærni Vináttuverkefni Barnaheilla	Að gera vináttuverkefnið um Blæ að föstum þætti í starfinu.	Að nota Blæ bangsa meira í leik og starfi. Að nota spjöldin og bókina sem fylgja Blæ í samverustund um á föstudögum.	Septembar til janúar.	Kristín Sólveig	Gögnum verður safnað í bók þar sem skráðar verða Blæstundir og svo metið í lok tímabilsins.	Að börnin eflist í félagsfærni og vináttu. Á skólaárinu 2019 til 2020 tókst ekki að sinna þessu verkefni eins og áætlað var og því erfitt að fullyrða um árangur.
Orðaspjall	Að auka orðaforða og málskilning barnanna.	Í samverustundum eru lesnar bækur þar sem valin orð/orðatiltæki eru útskýrð vandlega. Börnunum er skipt í tvo hópa eftir aldri/getu.	Janúar til maí.	Kristín Mar	Fer fram jafnt og þétt í hverri viku þar sem börnin eru spurð um merkingu þeirra orða/orðatiltækja sem valin voru. Bækurnar eru alltaf lesnar tvisvar.	Börnin læri ný orð og orðasambönd. Á skólaárinu 2019 til 2020 tókst ekki að sinna þessu verkefni eins og áætlað var en þær vikur sem unnið var með Orðaspjallið voru flest barnanna dugleg við að muna merkingu og tileinka sér orðin/orðatiltækin



## 6 Ytra mat

Skólaárið hefur sannarlega verið með breyttu sniði síðan Covid-19 skall á okkur í upphafi árs og höfum við þurft að endurmeta margt í okkar starfi. Á síðastliðnu starfsári var ákveðið að meta tvo þætti, annars vegar bættu vinnuaðstöðu kennara og hins vegar aukið foreldrasamstarf.

Bætt vinnuaðstaða kennara dróst á langinn vegna ýmissa þátta sem voru ekki í okkar höndum, meðal annars Covid-19. Þess vegnar verður áfram unnið að þessum umbótaþætti á þessu skólaári. Vinna að bættri vinnuaðstöðu fer af stað í haust og teljum við að undirbúningur síðasta skólárs geri aðstöðu enn betri en áður var áætlað. Því er alltaf gott að flýta sér hægt í stórum framkvæmdum.

Foreldrasamstarf er byggt á góðum grunni en alltaf má betur gera. Við völdum þennan þátt út frá árlegri viðhorfskönnun foreldra. Tilgangur kannaninnar er að gefa foreldrum tækifæri á að tjá sig, fá fram viðhorf þeirra til starfsemi leikskólans, upplýsingar um vellíðan barna þeirra og að veita stjórnendum og starfsfólki endurgjöf á störf sín. Niðurstöður eru m.a. nýttar til að meta árangur starfsins og til aðgerða á umbótum. Þær eru að auki liður í eftirliti með leikskólum og innra- og ytra mati þeirra. Það er skemmst frá því að segja að Seljakot kom afar vel út úr viðhorfskönnuninni. Foreldrar eru ánægðir með starfið í leikskólanum, þeim finnst barninu sínu líða vel í leikskólastarfinu og telja að það sé öruggt. Foreldrum finnst andrúmsloftið vingjarnlegt og að skólanum sé vel stjórnað. Þá telja þeir sig vel upplýsta um starfið og hvað sé á döfinni. Það sem foreldrum þótti





ábótavant var að geta fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti og annað sem snertir barnið sitt í leikskólanum, að fá að taka þátt í að meta framfarir barns síns og að leikskólinn leiti til þeirra eftir tillögum og hugmyndum. Út frá þessum niðurstöðum ákváðum við að bjóða öllum foreldrum valfrjáls viðtöl í nóvember til viðbótar við foreldraviðtöl á vorönn. Um það bil helmingur foreldra þáði viðtal í nóvember og

reyndust þau mjög vel. Því var ákveðið að valfrjáls viðtöl í nóvember væru komin til að vera.

Umbóta þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgð araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinnuástanda kennara	Að vinnu-ástanda kennara sé góð	Byggja við Seljakot og bæta starfsmanna-ástöðu. Stækka undirbúningsástöðu kennara, fundarherbergi og skrifstofu leikskólastjóra	Haust 2020 - Vor 2021	Sigríður og Ragnheiður (Umhverfis og skipulags svið)	Metið á skipulagsdögum í starfsmanna hópnum	Að skipulag húsnæðis gefi kost á samstarfi allra í leikskólanum og að það fari vel um alla
Skólanámskrá endurmetin	Margt hefur breyst síðan hún var gerð 2015. Nýjar deildir og starfið þróast og breyst	Lesið yfir og breyti í takt við tímann.	Haust 2020 - vor 2021	Sigríður Og Kristín Mar	Metið reglulega yfir skólaárið með yfirlestri og umræðum	Að skólanámskrá sé aðlöguð að starfinu sem er Seljakoti 2021





Ótal margt hefur breyst á stuttum tíma, starfið þróast og breyst og börnunum fjölgað. Endurskoðunin felst aðallega í að taka út það sem á ekki enn við og setja inn það sem er nýtt. Auk þess fjölgaði börnunum þegar opnaðar voru tvær deildir á síðasta ári. Endurskoðun námskrárinnar lýkur á þessu starfsári.

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru fyrirhuguð með nýju og breyttu sniði. Markmiðin verða þau sömu og áður en notast verður við snerpusamtöl. Þar er áhersla lögð á stutt og hnitmiðað viðtal en á móti boðað til þeirra oftari yfir skólárið, eða tvisvar á hvorri önn.

Hvert samtal inniheldur ákveðið þema:

- Viðtal 1.** starfsánægja, starfsandi og samskipti
- Viðtal 2.** Styrkleikar og hæfileikar
- Viðtal 3.** Tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun
- Viðtal 4.** Nýsköpun og stöðugar framfarir



Símenntun frá síðasta ári

- Barnavernd Reykjavíkur: kynning á starfsemi.
- Barnaheill: námskeið
- Dagur leikskólans: ráðstefna
- Hugurinn ber mig hálf leið: málþing um bernskulæsi á vegum Menntavísindasviðs HÍ
- Lestur fræðibóka og greina
- LÆM (læsi - allra mál): fundir og fræðsla



- Lærdómssamfélag Miðju máls og læsis
- Lærdómssamfélag leikskólastjóra
- Morgunverðarfundir hjá Rannung
- Morgunverðarfundur FSL
- Menntastefna Reykjavíkurborgar
- Menntakvika HÍ
- Fræðsla og umræður á skipulagsdögum/jafningjafræðsla
- Námskeið hjá Greiningarsmiðstöð Ríkisins
- Námskeiðsdagur leikskólastjóra
- Meistaránám í leikskólakennarafræðum við HÍ
- Meistaránám í stjórnun menntastofnanna við HÍ
- Grunnám í leikskólafræðum við HÍ
- Sérkennslustjórafundir
- Snerpusamtöl:námskeið
- Stjórnendadagur  
Reykjavíkurborgar
- Teymisfundur v/Hljóm og Efi-2
- Vinnuverndarnámskeið
- PECS námskeið

Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri á að sækja áhugaverð námskeið sem upp koma á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri á að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur mið af



uppeldisstefnu Seljakots, skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á skipulagsdögum leikskólans. Vegna Covid-19 var lítið hægt að sækja námskeið og ráðstefnur. Við nýttum mannauð innan skólans og fundum í sameiningu mikið af fræðigreinum, meistaranitgerðum og öðru lesefni sem okkur þykir nýtast vel í starfinu í Seljakoti.

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2020-2021:

September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.

Október: Gamlir leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.

Nóvember: Heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.

Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.



Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2021-2022.

Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnum til grunnskólanna.

## 9 Foreldrasamvinna

Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast víða að og tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta og skóla.

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar auk leikskólastjóra. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008)





Í foreldrafélaginu sitja sex foreldrar auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna, kosið er í félagið að hausti. Foreldrafélag Seljakots stendur fyrir ýmsum uppákomum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skemmtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólábarnanna tilefni til að kynnast og skemmta sér saman.

- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2020
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í janúar/febrúar og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.
- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.
- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í Seljakoti sumar/haust 2021 verður haldinn í maí/júní 2021 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýjir foreldrar eru boðaðir í viðtal í lok ágúst.

## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur 28. ágúst, skipulagsdagur
- Föstudagur 9. október, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi.
- Þriðjudagur 27. október, skipulagsdagur.
- Föstudagur 20. nóvember, skipulagsdagur.
- Þriðjudagur 16. mars, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi.

- Mánudagur 10. maí, skipulagsdagur, allir skólar í Reykjavík.
- Föstudagur 28. maí, skipulagsdagur.

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Þessir dagar koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Vegna Covid-19 og verkfalla Eflingar var einum skipulagsdegi frestað á síðasta starfsári. Þess vegna erum við með 7 daga þetta árið. Að þessu sinni er þrjú dagar á starfsárinu samræmdir, þ.e. allir leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru með skipulagsdaga 9. október og 16. mars. Allir skólar í Reykjavík eru svo með sameiginlegan skipulagsdag þann 10. maí.



## 11 Fylgigögn

Skóladagatal

Menntastefnan

### 11.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2020 – 2021**  
**Nafn leikskóla**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXXX





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**





# Leikskólalagatal 2020 - 2021

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	Sumarlökun	1 Þ Þáttkvaðlögur	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skirdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	Sumarlökun Fridagur verslunarmanna	2 M Þáttkvaðlögur	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	Sumarlökun	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	Sumarlökun	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F	Leikskólinn opnar	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómanna dagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L	7 M Baráttudagur gegn einelti	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M Þáttkvaðlögur	9 F Skipulagsd. allir Seljahv.	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M		10 F Þáttkvaðlögur	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Skipulagsd. allir.	10 F	10 L
11 Þ		11 F Þáttkvaðlögur	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F Bleikur dagur	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ Skipulagsd. allir Seljahv.	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M		17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F Konudagsboð	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F Skipulagsd. allir Seljahv.	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	Elstu börn hættu	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndad/bóndadagsboð	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M	Aðlögur á milli deilda	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ	Aðlögur á milli deilda	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladaur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	Aðlögur á milli deilda	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	Aðlögur á milli deilda	27 S	27 Þ Skipulagsdagur	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	Skipulagsdagur	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmásunnudagur	28 M	28 F Skipulagsdagur	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S		30 M	30 F Hrekkjavaka	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	Þáttkvaðlögur		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

## Starfsáætlun Leikskólans Seljakots 2020-2021

### Umsögn foreldraráðs

*Foreldraráð leikskólans skipa:*  
*Ásdís Gunnarsdóttir*  
*María Huld Ingólfssdóttir*  
*Sólveig Steinunn Pálsdóttir*

Alltaf er gefandi að lesa starfsáætlun leikskóla, að sjá það svart á hvítu hvað leikskólinn setur upp metnaðarfullt staf til að mennta börnin okkar, veita þeim öryggi og efla þau í daglegu lífi. Tilgangur starfsáætlunar leikskólanna að gera skólaþróunina markvissa. Áætlun Seljakots þessa árs inniheldur alla þá þætti sem Menntastefna Reykjavíkurborgar setur fram, umfjöllun um starf síðasta árs, matsáætlanir, umbótaáætlanir, starfsþróun o.fl..

Í Seljakoti er gott að vera, líkt og niðurstöður starfsmanna og foreldra segja til um. Einkunnarorð Reggio Emilia - *virðing, fumkvæði, sköpun* - endurspeglast í starfi leikskólans. Allir fá að njóta sín. Það er greinilega mikill áhugi starfsmanna á að auka menntun sína og efla faglega þróun. Upptalning símenntunar er löng og áhugaverð í takt við það, þrátt fyrir ýmsar takmarkanir í samfélaginu þetta starfsárið.

Gagnrýnin í innra mati deildanna er góð, þar kemur skýrt fram hvað vel hefur gengið og hvað má bæta. Umbótaverkefni og markmið deildanna þennan veturinn eru sértæk, tímasett og raunhæf, og flest öll mælanleg. Spannandi verður svo að sjá hvernig gengur á Móa að vinna út frá aukinni þátttöku barnanna, þ.e. þeirra löngunum og áhuga. Ef vel gengur væri gaman að sjá það innleitt á fleiri deildir.

Við fögnum því að leikskólinn bæti vinnuaðstöðu kennara, því góður og glaður mannauður er það sem skiptir öllu máli í leikskólastarfi.

Lítið heyrðist frá foreldrafélaginu á síðasta ári og að okkar mati mætti kynna það starf betur fyrir nýjum foreldrum. Eflaust spilar þar heimsfaraldur inni en þar liggja líka tækifæri til þróunar. Að senda út tölvupóst um starf og tilgang félagsins undanfarin ár, eða t.d. rafrænt fundarboð á aðalfund, ætti að vera auðvelt í framkvæmd.

Foreldraráð gangrýnir val á dagsetningu fyrir skipulagsdag þriðjudaginn 27. október. Engin kennsla er í Ölduselsskóla 21. okt-26. okt vegna vetrarfrís og nemenda- og foreldrasamtala. Eru þar með komnir 5 virkir dagar í röð þar sem annað foreldri þarf að vera í fríi frá vinnu vegna lokunar í skólastarfi. Við gerð skóladagatala á næsta ári mætti hafa þetta í huga.

Í ljósi Covid-19 faraldurs vill foreldraráð koma umræðum af stað sem viðbót við sóttvarnarrelgur skólans. Almenn veikindi og sýklalyfjanotkun barna hefur dregist verulega saman þennan veturinn og má þar eflaust þakka auknu hreinlæti. Væri því gaman að sjá að vinnureglur um aukna áherslu á handþvott barna (t.d. við komu í skólann, eftir útiveru og salernisferðir og fyrir máltíðir) séu komnar til að vera. Styttu mætti tíma foreldra í fataklefanum að einhverju leiti með rafrænni skráningu, sem foreldrar hafa aðgang að, um það hvernig börn sofa og matast í leikskólanum. Á föstudögum gæti starfsfólk pakkað útifötum ofaní poka barnanna (ef þeir eru til staðar) og jafnvel geymt þá úti við húsvegginn á góðviðrisdögum á meðan börnin eru í útiveru, þannig færu færri foreldrar inn í hús. Til að styttu biðtíma á lóðinni á köldum vetrarmorgnum mætti kanna möguleika á að starfsfólk taki við börnum í dyragættinni þannig að engir foreldrar myndu fara inn í hús. Einnig eru vangaveltur um það hvort leikskólinn hafi skoðað möguleikann að bjóða upp á einnota grímur fyrir foreldra fyrst reglur

eru nú um grímunotkun í fataklefum. Eflaust hafa þessar umræður komið upp innan veggja skólans og vissulega eru þarna útfærslur sem bætast á verkefnalista starfsfólks en foreldraráð hefur það eitt í huga að takmarka útbreiðslu veirunnar. Að öðru leiti hefur leikskólinn verið til mikillar fyrirmyndar í sóttvarnarmálum, við erum jú öll almannavarnir.

Heilt yfir er starfsáætlun Seljakots fagleg, vel unnin og heiðarleg. Við þökkum Seljakoti fyrir vel unnin störf og hlökkum til komandi vetrar með samfylgjandi áskorunum.